

## 3. gr.

**Gildistaka og gildistími.**

1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við reglugerð nr. 319/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 30. nóvember 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

18. ágúst 1986

Nr. 379

**AUGLÝSING****um staðfestingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985—2005.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. ágúst 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Þingeyrar 1985—2005.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingeyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Jafnframt fellur úr gildi staðfestur skipulagsuppdráttur af Þingeyri frá 10. febrúar 1944.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1986.*

**Alexander Stefánsson.**

*Þórhildur Líndal.*

15. ágúst 1986

Nr. 380

**REGLUGERÐ****um hækkun á bótum almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 3,39% frá 1. september 1986 að telja frá því sem þær eru 31. ágúst 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. september 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 267/1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. ágúst 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*